

## Skjaldmær drottins

Frásögnin af Hildi einsetukonu í *Jóns sögu helga*

Í *Jóns sögu helga* segir frá Hildi einsetukonu á Hólum. Jón Ögmundsson Hólabiskup dó 1121. Þann 14. desember 1198 lét Brandur Sæmundsson biskup taka bein Jóns upp, þvo þau og búa um sem helga dóma.<sup>1</sup> Árið 1200 voru bein biskups lögð í skrín og helgi hans var viðurkennd á Alþingi sama ár. Elstu sögurnar af Jóni, á latínu og á móðurmálinu, hafa verið samdar í kjölfarið á þeim atburðum, en enginn latínutexti er nú varðveittur. Höfundur latnesku sögunnar var Gunnlaugur Leifsson munkur, d. 1218/1219. Þrjár gerðir af íslensku sögunni hafa varðveist, ein frá 13. öld (S) og tvær frá 14. öld (L, H). Elsta gerðin er stytt en talin standa latnesku frumgerðinni næst. Snemma á 14. öld var sagan endurrituð (L), bætt inn köflum úr upphaflegri sögugerð Gunnlaugs og öðru efni. Þessi gerð er rituð í skrúðstíl 14. aldar og hefur verið eignuð Bergi Sokkasyni, ábóta á Þingeyrum. Í H-gerð er blandað saman textum úr S og L-gerðum sögunnar.

Sagan af Hildi er athyglisverð í ljósi þess að hún er eina frásögnin um íslenska konu sem gæti talist helgisaga. Hana er að finna í báðum lengri og yngri gerðum *Jóns sögu* og stutt ágrip er í elstu og stystu gerð hennar. Peter Foote telur að rekja megi frásagnir lengri gerðanna til Gunnlaugs Leifssonar og hann telur jafnframt líklegt að hún hafi átt sinn sess í upprunalega latneska textanum. Í annarri hinna lengri gerða sögunnar, H-gerð, er talsvert um tilvísanir til sögulegra atburða og virðist sem þar sé verið að vísa til hinnar glötuðu latínusögu Gunnlaugs sem heimildar. Þannig gæti elsta sagan af Hildi hafa verið sett saman um 1200 eða snemma á 13. öld.<sup>2</sup> Í þeirri mynd sem hún hefur

<sup>1</sup> *Biskupa sögur* I Foote 2003, 255.

<sup>2</sup> Foote 2003, cclxxxvii–cclxxxviii.

varðveist er hún stutt og brotakennd. Sagt er frá Hámundi Bjarnasyni presti sem hefur hina ungu Hildi með sér þegar hann ræðst að Hóla-stað. Hún vill fá að gerast nunna og hleypst á brott þegar henni er meinað það. Eftir að hafa leynst um tíma í Kolbeinsdal verður henni að ósk sinni og biskup vígir hana til nunnu. Þá er lýst freustingum hennar þar sem hún hefst við ein í kofa sínum. Biskup er þá láttinn, en hún snýr bænum sínum til hans og hann birtist henni og kemur henni til hjálpar. Hildur andaðist 3. mars 1159, í góðri elli, eins og sagan segir.

Pegar *Jóns saga* er fyrst rituð er íslensk bókmennung enn ung. Blómaskeið íslenskrar helgisagnaritunar má telja síðasta fjórðung 13. aldar og 14. öld og óvist er hvaða sögur hafa verið til í landinu þegar Gunnlaugur setti saman sögu sína. Gunnlaugur skrifaði á latínu og hefur getað nýtt sér latneska texta sem fyrirmyn dir. Auk *Jóns sögu*ritaði hann *Ólafs sögu Tryggvasonar* sem nú er glötuð. Elsta íslenska handritið sem varðveist hefur með sögum af kvendýrlingum, AM 238 fol I, er frá því um 1300. Þar eru brot úr *Maríu sögu egypsku* og *Agnesar sögu*.

Kvendýrlingar eru aðeins 14% af öllum dýrlingum frá 500–1200.<sup>3</sup> Það er því ekki hægt að halda því fram að kvendýrlingar hafi verið í háum metum, þó að samkvæmt kenningunni hafi kynin átt að hafa jafnan rétt innan hins kristna heims, sbr. orð Páls postula í Galatabréfinu, Gl 3:26–28: „Hér er enginn Gyðingur né grískur, þræll né frjáls maður, karl né kona. Þér eruð allir eitt í Kristi Jesú“. Pegar svipast er um eftir kvendýrlingum á Norðurlöndum verður heldur fátæklegt um að litast. Merkust er heilög Birgitta frá Svíþjóð, hún var uppi á 14. öld, dulspekingur og átta barna móðir. Ein dætra hennar, Katrín, var einnig tekin í tölu dýrlinga. Í *Ólafs sögu Tryggvasonar* segir frá píslarvottinum Sunnivu, sem talin er írsk að uppruna. Frásögnin byggir á latneska ritinu *Acta sanctorum in Selio* frá því um 1170.<sup>4</sup> Um það leyti voru helgir dómar Sunnivu fluttir í dómkirkjuna í Björgvin og varð hún verndardýrlingur borgarinnar. Sunniva er þannig eini

<sup>3</sup> Schulenburg 1978, 117–133.

<sup>4</sup> *Ólafs saga Tryggvasonar* 2006, 218–220. Sjá einnig DeBois 2008, 65–99. Latínu-textinn er varðveittur í handritinu AM 670 k 4to sem Árni Magnússon skrifaði.

kvendýrlingurinn á Norðurlöndum þegar *Jóns saga helga* er fyrst sett saman.

Þær sögur af kvendýrlingum sem kunnar voru á miðoldum í norðrænum þýðingum voru ýmist sögur af meyjum og píslarvottum eða iðrandi syndurum sem sneru frá villu síns vegar.<sup>5</sup> Ef kvendýrlingar úr kristinni helgisagnahefð eru bornir saman við minnisstæðar kvenpersónur úr ritum Gamla testamentisins vekur athygli sú áhersla sem lögð er á meydóm og skírlífi innan hinnar kristnu hefðar. Helstu konur Gamla testamentisins eru eiginkonur eða hafa verið giftar. Öðru máli gegnir um konur í kristinni helgisagnahefð. Þær eru oftast meyjar og hafna þannig hlutverki eiginkonu og móður. Meyjarnar eru fagrar en afneita því sem gerir þær aðlaðandi í augum karla. Píslarvotturinn heilög Agnes í *Agnesar sögu* lítur ekki við skarti sem vonbiðill hennar færir henni og viðbrögðum hennar er lýst á þessa leið: „En in heilaga Agnes fyrirleit þat allt ok trað undir fótum sem saur“.<sup>6</sup>

Ýmis dæmi má finna um það í ritum Gamla testamentisins að fagrar konur í íburðarmiklum klæðnaði séu táknumynd syndarinnar. Hér nægir að nefna vandlætingarorð Jesaja, Jes. 3:16–23 um skartbúnar og ilmandi Jerúsalemsdætur, og hina vel snyrtu Jesebel í 2. Kon. 9:30. Munúðarfullar og fagrar konur koma vissulega fyrir innan heims kristinna helgisagna. Þær eru þær tálkvendi sem taka algjörum sinnaskiptum í lífernir sínu og iðrun þeirra verður þungamiðja sögunnar. Sem dæmi má nefna þær Maríu Magdalenu,<sup>7</sup> Maríu egypsku, Thais og Pelagi, en sögur þeirra allra voru kunnar í norrænum þýðingum.

Elsta gerð *Jóns sögu* er sett saman um 80 árum eftir andlát hans. Hún ber augljós merki helgisagnaritunar en einnig er vísað til heim-

<sup>5</sup> Kirsten Wolf hefur gefið út sögur af kvendýrlingum með nútí mastafsetningu, inngangi og skýringum, *Heilagra meyja sögur* 2003. Stílein kenni benda til þess að *Agnesar saga*, *Agötu saga*, *Dóróteu saga*, *Maríu saga egypsku*, *Margrétar saga*, *sagan af Fides*, *Spes og Karítas*, *Ceciliu saga*, *Barböröu saga* og *Lúciu saga* hafi verið þýddar úr latínu á 13. öld. *Katrínar saga* og *sagan af Mörtu og Maríu Magdalenu* eru íburðarmeiri í stíl og sverja sig fremur í ætt við texta frá 14. öld.

<sup>6</sup> *Heilagra manna sögur* I 1877, 15.

<sup>7</sup> Hér er átt við Maríu Magdalenu innan sagnahefðar miðalda.

ildarmanna. Meðal þeirra er ein nafngreind kona. Þess er getið í frásögninni að Hildur einsetukona hafi sem fæstum sagt frá ógnvekjandi atburðum sem hún upplifði í dómkirkjunni á Hólum, og síðar verður vikið að. Hún sagði þó Oddnýju Knútsdóttur frá reynslu sinni og Oddný sagði síðan Gunnlaugi Leifssyni.<sup>8</sup> Hafi sagan um Hildi staðið öll í upphaflegri sögu Gunnlaugs gæti Oddný hafa verið aðalheimildarmaður hans. Fleiri konur, sem nefndar eru í *Jóns sögu*, gætu einnig hafa kunnað sögur af Hildi og miðlað þeim. Nefna má Ingunni hina bóklærðu, en Jenny Jochens hefur sett fram þá tilgátu að hún sé Inguðr Arnórsdóttir sem nefnd er meðal heimildarmanna Odds Snorrasonar að *Ólafs sögu Tryggvasonar*. Um Ingunni segir í *Jóns sögu*: „Þar var ok í frœðinæmi hreinferðug jungfrú er Ingunn hét. Engum þessum [þ.e. áðurnefndum nemendum á Hólum] var hún lægri í sogðum bóklistum.“<sup>9</sup> Móðir Ingunnar, Guðrún Daðadóttir, kemur við sögu í frásögninni af Hildi og þar er vísað beint til orða hennar. Jenny Jochens bendir enn fremur á að Guðrún Daðadóttir geti verið systir Herdísar Daðadóttur, sem einnig er talin upp meðal heimildarmanna Odds Snorrasonar.<sup>10</sup>

Í *Jóns sögu* er sögu Hildar komið fyrir milli kaflanna sem segja frá greftrun biskups og upptöku beina hans. Þetta er mikilvægur staður í sögu hins helga biskups. Jarðnesku lífi hans er lokið en tilvist hans sem dýrlings hefst þegar beinin eru tekin upp. Frásögninni af Hildi er ætlað að varpa ljósi á helgi biskupsins. Hún verður að kvenkyns spegilmynd hans. Tengsl þeirra eru sýnd með því að minna á að gröf Jóns hafi staðið gegnt kofa Hildar og hún hafi dáið á beina-upptökudegi hans: „svá hefir nú almáttugr Guð fagrliga fyrir sét at svá sem hon var samtengd inum sæla Jóni byskupi meðan hann lifði, þá berr nú ok svá saman andlátsdag hennar ok upptekningardag hans.“<sup>11</sup>

<sup>8</sup> *Jóns saga helga*, í *Biskupa sögur* I 2003, 252.

<sup>9</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 219–220.

<sup>10</sup> Jenny Jochens 1997, 257–263.

<sup>11</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 254. Pannig eru Jón og Hildur ef til vill sambærileg við tvíburasystkinin Benedikt og Skólastíku og æskuvinina Frans og Klöru frá Assisi. Hildur lést 3. mars 1159 og bein Jóns voru lögð í skrín 3. mars 1200.

Saga Hildar er birtingarmynd kvenleika, séð með augum karlkyns helgisagnaritara. Þegar hún er kynnt til sögunnar er henni lýst á eftifarandi hátt: „ung at aldri en hrein í líkam en lítillát í verki, mild í hugskoti, fogr at álti en gegri at trú.“<sup>12</sup> Ungir játarar eru jafnan trú-ræknir og efnilegir á alla lund. Um Þorlák helga segir: „Hann var ólíkr flestum ungum mönnum í sinni uppfœðingu, auðráðr ok auðveldr í ǫllu, hlýðinn ok hugþekkr hverjum manni, fálátr ok fályndr um allt, nýtr ok námgjarn þegar á unga aldri.“<sup>13</sup> Hildur líkist að þessu leyti mest heilagri Agnesi, en um hana segir: „ung var hon at aldri en alroskin at sið, fogr at álti en gegri at siðum ok trú.“<sup>14</sup>

Heilög Agnes og aðrar meyjar og píslarvottar hafna hefðbundnum kvenhlutverkum og vísa biðlum á bug. Það kemur ekki fram að Hildur hafi neitað að giftast, en hún óskar eftir því að gerast nunna og kýs þannig einlífi. Biskup og Hámundur Bjarnason, prestur, sem ýmist er sagður að eða frændi Hildar, vilja neita henni um þessa ósk vegna þess að þeir telja að hún sé of ung og óreynd. Hildur rís upp gegn fulltrúum feðraveldisins, biskupi og Hámundi presti, og sýnir um leið hvað í henni býr. Hún hleypst á brott út í óbyggðir þar sem hún lifir á berjum og vatni og gerir sér skýli úr hellnagrjóti. Dvalarstaður hennar minnir á eyðimerkur sem voru heimkynni einsetumanna í frumkristni, eins og sagt er frá í sagnasafninu *Vitae Patrum* sem til er í íslenskri þýðingu frá 13. öld.<sup>15</sup> Þar eru sögur af körlum, eins og nafnið bendir til, en einnig eru kunnar sögur af konum í einsetu, sem eru á flóttu undan skyldum samfélagsins og leynast oft í karlmannsbúningi.<sup>16</sup>

Hildur er hvorki píslarvottur né iðrandi syndari, en flóttinn frá samféluginu og dvöl fjarri mannabyggðum verður prófraun hennar. Þegar upp kemst um hvarf Hildar er sagt að sumir hafi talið að hún hafi gengið af vitinu og hlaupið í ána. Það kemur ekki beinlínis fram af orðum textans hvort það hafi verið karlar sem gagnrýndu háttalag hennar: „var þat ok sumra manna ætlan at hon mundi hafa misst vits

<sup>12</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 244.

<sup>13</sup> *Biskupa sögur* II 2002, 48.

<sup>14</sup> *Heilagra manna sögur* I 1877, 16.

<sup>15</sup> *Heilagra manna sögur* II 1877, 335–675. Sbr. einnig Mk 1:1–6, 12–13.

<sup>16</sup> Bolton 1978, 253–273.

síns bráðliga“.<sup>17</sup> Það vekur athygli að kona á staðnum kemur henni til varnar:

En er þetta heyrði ein vitr kona er Guðrún Daðadóttir hét, móðir Ingunnar er fyrr var getit, þá mælti hon: „Eigi skulu þér ætla svá heimskliga um systur vára Hildi, því at hon kom til vár snemma í morgun. Segi ek yðr satt, at hon bar eigi óra í augum, held þekkt guðligrar miskunnar. Trúi þér því er ek segi yðr, því at fjarri mun hon reynask sem þér ætluðuð.“<sup>18</sup>

Þegar Hildur snýr heim úr „eyðimerkurdvöl“ sinni fær hún vilja sínum framengt og hún gerist einsetukona í kofa nærrí dómkirkjunni. Heimkoman er staðfesting þess að hún hafi staðist prófraunir „eyðimerkurinnar“. Svípuð bygging er í sögum einsetukvenna í *The Early South-English Legendary*, brottför-prófraun-heimkoma, þar sem prófraunin er jafnframt táknrænn dauði og endurfæðing. Þessum sögum var safnað saman á 13. og 14. öld en rætur þeirra eru eldri.<sup>19</sup>

Tveir meginþættir eru dregnir fram þegar persónu og guðrækni Hildar er lýst. Hún er annars vegar *skjaldmær* drottins, *vopnuð* með bænum og *búin til bardaga* móti fjandanum og hans flokkum og *brynjuð* með heilagri trú, en *bjálmuð* með voninni og *skjölduð* með sálmasongvum.<sup>20</sup> Þetta hernaðarlega myndmál samsvarar bréfi Páls postula til Efesusmanna, Ef 6:14–17: „Standið því gyrtir sannleika um lendar yðar og klæddir brynju réttlætisins og skóaðir á fótunum með fúsleik til að flytja fagnaðarboðskap friðarins. Takið umfram allt skjöld trúarinnar, sem þér getið slökkt með öll hin eldlegu skeysi hins vonda.“ *Skjaldmær drottins* samsvarar einnig *bellatrix Christi* sem finna má í ritum Hyeronymusar kirkjuföður.<sup>21</sup> Hin hliðin er mildi: „Hon hafði alla stund lífs síns himneska atferð hér í þessum heimi. Sýndisk ok þat hér í þessum heimi á hennar yfirbragði at hon bar

<sup>17</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 245.

<sup>18</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 245–246.

<sup>19</sup> Ashton 2000; Horstmann 1887.

<sup>20</sup> Sbr. *Biskupa sögur* I 2003, 2, 246.

<sup>21</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 246, nmgr.

heilags anda gipt í sínu brjósti, því at hon var gjarnan blíð ok mjúklynd og hafði dúfu einfeldi.“<sup>22</sup>

Í *Jóns sögu* kemur fram mikill áhugi á skólahaldi og menntun. Hildi einsetukonu er lýst sem menntuðum uppalanda.<sup>23</sup> Sagan gefur til kynna að hún hafi kennt öðrum konum: „Hon lærði siðlátar konur, þær er komu til hennar í hljóði“<sup>24</sup> Hún hafnar hefðbundnu hlutverki eiginkonu og móður en tekur að sér dreng og kennir honum: „Hon fóstraði ok snauðan svein, þann er Ketill byskup veitti, er Þórólfr hét, ok kenndi honum psaltara.“<sup>25</sup> Saltarinn var notaður sem kennslubók í lestri á fyrri hluta miðalda svo samkvæmt þessu á hún að hafa kennt Þórólfi að lesa.

Jón biskup heldur áfram að vera þáttakandi í lífi Hildar eftir andlát sitt. Sagt er að Jón biskup hafi tvívar birst henni. Þar sem hún dó 1159 eiga þessir atburðir að hafa gerst um 40 árum áður en helgi Jóns var viðurkennd á Alþingi. Í fyrra skiptið ákallar Hildur Jón þegar músagangur veldur henni vandræðum í kofa hennar og smiður á Hólum hafði ekki reynst fær um að bæta ástandið. Einsetumenn og einsetukonur urðu að þola og standast ýmsar freistingar. Í bæn sinni minnist Hildur nokkrum sinnum á freistigar djöfulsins: „því at þú helgaðir mik Guði með nunnuvígslu ok settir mik í þessum stað ok leystir mik af allri fjandans freistni [...] svá eigi fagni óvinrinn af mér.“<sup>26</sup> Það er skiljanlegt að Hildur hafi viljað losna við mýsnar, „þessar inar verstu mýs er mik hræða ákafliga“,<sup>27</sup> en mýs voru jafnframtakn um græðgi og kvenlegan losta.<sup>28</sup> Pannig hjálpaði Jón biskup Hildi að sigrast á mannlegum, en einkum kvenlegum veikleikum.

<sup>22</sup> *Biskupa sögur* I Foote 2003, 2, 253. Líkinguna við dúfu má rekja til Mt 10,16. Svipaðar líkingar koma víða fyrir í miðaldatextum, sbr. *Biskupa sögur* I 2003, 2, 253 nmgr.

<sup>23</sup> Á miðoldum tóku einsetukonur að sér kennslu, sbr. *Biskupa sögur* I 2003, 2, 253 nmgr.

<sup>24</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 253.

<sup>25</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 253.

<sup>26</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 248–249.

<sup>27</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 249.

<sup>28</sup> Metford 1983.

Lynda L. Coon hefur borið saman frásagnir af einsetulífi karla og kvenna og er niðurstaða hennar sú að baráttu karla hafi beinst að hinu ytra, þeir þurftu að sigrast á villtum dýrum, demónum og tælandi konum. Hið illa er þannig sýnilegt vandamál sem losa þarf veröldina við. Einsetukonur loka sig inni í klefum sínum, iðrast synda sinna og gefa sig oft á vald karlkyns meistara. Hjá einsetukonum er baráttan við hið illa innri baráttu sem beinist gegn kvenlegu eðli eða kvenleika. Einsetumaðurinn berst hetjulega við hið illa í eyðimörkinni, einsetukona leitar inn á við til þess að ráða bót á ásköpuðum ágöllum sínum, kvenleikanum. Konur voru taldar miður hæfar en karlar til að lifa andlegu lífi.<sup>29</sup> Athuganir og niðurstöður Lyndu L. Coon eiga vel við lýsingu Hildar, sem leitar ásjár hjá hinum heilaga biskupi til þess að losna við freustingar hins illa, og styðja þá túlkun að mýsnar í kofa Hildar séu tákna um kvenlegan veikleika. Líta má á baráttu Hildar gegn freistungum í þessu samhengi.<sup>30</sup>

Þegar Jón birtist Hildi öðru sinni kemur önnur kona á Hólum einnig við sögu, það er Guðrún sem hefur viðurnefnið *kirkjukerling*. Guðrúnu er lýst sem trúrækinni, en einnig er sagt að hún hafi verið *undarleg*. Sagan segir að Guðrún hafi setið yfir líkum í kirkjunni. Nótt eina sýndist henni sem eitt líkið risi upp af börunum og reyndi að grípa til hennar. Hræðsluóp Guðrúnar vöktu Hildi sem leit þá inn í kirkjuna sem öll virtist orðin full af draugum. Hildur var stjörf af ótta en henni tókst þó að ákalla Jón biskup. Hann birtist í fullum skrúða og rak hina illu anda á brott. Í frásögninni er vísað í bæn Hildar, þar sem hún biður um að losna undan freistungum djöfulsins: „þá tók hon með mikilli áhyggju at kalla á Jón biskup, fóstra sinn, at hann dygði henni og frelsti hana af þeiri fjándans freistni, svá sem hann hafði áðr gort.“<sup>31</sup>

Peter Foote hefur bent á að í þessari frásögn séu líkindi við sögur af freistungum einsetumanna. Í *Antonius sögu* segir: „Ógnandi sýndust þeir mér stundum ok slógu um mik hring ok mitt herbergi ok fylldu hús mitt með haldrekum, hestum ok hauggormum ok ýmisligum

<sup>29</sup> Coon 1997, xv–xvii.

<sup>30</sup> Ásdís Egilsdóttir 1996, 106–107.

<sup>31</sup> *Biskupa sögur I* 2003, 2, 251.

skrímslum, ok ek saung í móti þessi freistni.<sup>32</sup> Hér eru það þó drekar og skrímsli sem einsetumaðurinn þarf að berjast við eins og Lynda Coon hefur dregið fram. Heldur meiri líkindi eru við freustingar heilags Benedikts í annarri bók *Dialoga Gregoriusar*: „En hinn forni fjandi [...] leitaði við að skelfa hann í hræðilegum sjónhverfingum.“<sup>33</sup> Reynsla Benedikts er sögð vera sjónhverfingar djöfulsins. Sýnir Guðrúnar eru einnig kallaðar sjónhverfingar: „Henni sýndist kirkjan öll full af draugum hræðiligungum ok skuggum, ok sóttu allar þessar sjónhverfingar at Guðrúnu.“<sup>34</sup>

Bent hefur verið á að kvendýrlingar sem teljast til játara skiptist í two meginflokk, annarsvegar þær sem eru tilfinningarákar og tjá upphafna ást sína til hins himneska brúðguma, hins vegar þær sem leggja stund á meinlaeti, mikla sjálfstjórni og afneitun sem getur haft í för með sér að konurnar fara að sjá sýnir.<sup>35</sup> Þó að Guðrún kirkjukerling hafi annars engin einkenni dýrlings er áköf tilfinningatjáning áberandi þáttur í fari hennar:

Hon hafði gjort sér hjá hurðu kirkjunnar svá sem altari nøkkut eða stall. Þar sté hon á þann stall daga ok nætr ok kallaði þaðan til Guðs ok mælti svá: „Tak þú mik, Kristr, ok skjótt. Tak þú mik. Eigi er þegar nema þegar sé.“<sup>36</sup>

Meint vanhæfi kvenna til að lifa andlegu lífi verður þáttur í því að efla guðrækni þeirra, ok karlkyns kirkjunnar þjónar, sem áttu sinn stað við altarið, gátu hjálpað þeim til að bæta úr veikleikum sínum.<sup>37</sup> Hildur þarf á Jóni að halda, ekki aðeins vegna þess að hann er dýrlingur heldur líka vegna þess að hann er karlkyns dýrlingur. Hinar iðrandi portkonur Pelagia og María egypiska hverfa frá fyrra lífernir sínu og snúast á rétta braut fyrir tilstilli presta.<sup>38</sup> Ef til vill er verið að minna á að Guðrún kirkjukerling sé á röngum stað þegar hún gerir

<sup>32</sup> Unger 1877 I, 77.

<sup>33</sup> Unger 1877 I, 209.

<sup>34</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 251.

<sup>35</sup> Gilchrist 2000, 90–102.

<sup>36</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 250.

<sup>37</sup> Coon 1997, xix–xx.

<sup>38</sup> Carlé 1991, 33.

sér altari og sé fullnærri hinu karllega hlutverki prestsins. Hún krýpur ekki við það eins og henni er ætlað að gera. Andstætt Guðrúnu sem er fjölmálug er Hildur orðvör eins og nunnu ber að vera: „En hon mælti aldri veraldligt orð eða gálaust, en hvat sem hon þurfti nauðsynligt at hafa þá beiddi hon þess með binding eða hljóðum orðum.“<sup>39</sup> Þæði nunnum og munkum var skyld að virða þagnartíma og gæta orða sinna. Þannig segir í *Porláks sögu helga*:

Bauð hann þeim vandliga þogn at halda, þá er þat var skyld, en hafa góða munnshöfn, þá er málit var leyft, en at orðum Páls postola: „spilla ill mál,“ segir hann, „góðum siðum.“ Má þat ok sjá hve skyld vera mun í því lífi at halda sik frá heimligum ok illum orðum, ef þó skal rangt þó at gott sé mælt, þá er skyld er at þegja, sem Davið segir í psaltara: „Lítilllátr em ek,“ sagði hann, „ok þagða ek yfir góðum hlutum.“ Því þóttisk hann lítillátr at hann var jafnan fúsari at mæla gott en illt, ok bazk hann þó opt hvárstveggja fyrir Guðs sakir.<sup>40</sup>

En þó hefur konum verið talið hættara á að missa stjórn á máli sínu. Í riti sínu *De institutione inclusarum* fjallar tólfstu aldar ábótinn Aelred frá Rievaulx um mikilvægi þagnar fyrir nunnur. Tal kvenna var talið óreiðukennt, tilfinningarákt og því háskalegt.<sup>41</sup> Í *Jarteinabók Porláks helga* II birtist dýrlingurinn tveimur konum sem á hann heita og minnir þær á að gæta tungu sinnar. Önnur er minnt á að hætta „kirkjumælgí“, hin er sögð „orðstór“.<sup>42</sup>

Sú stuttaralega frásögn sem varðveisist hefur um Hildi gefur ekki til kynna að nokkru sinni hafi verið litið á Hildi sem dýrling, þó að frásögnin hafi á sér helgiblæ. Engar jarteinir henni tengdar hafa varðveisist. Pegar frásagnir miðaldatexta minna á heilagra manna sögur getur verið um bókmenntaleg áhrif að ræða. Samt er ekki hægt að útiloka að einstaklingar hafi verið vegsamaðir um skeið sem dýrlingar en helgi þeirra hvorki fengið almenna né opinbera útbreiðslu.<sup>43</sup> Hér verða aðeins nefndar tvær íslenskar frásagnir af þessu tagi.

<sup>39</sup> *Biskupa sögur* I 2003, 2, 253.

<sup>40</sup> Ásdís Egilsdóttir 2002, 240.

<sup>41</sup> Bartlett 1995, 52–53.

<sup>42</sup> Ásdís Egilsdóttir 2002, 240, 244.

<sup>43</sup> Í *Samantektum um skilning á Eddu* eftir Jón Guðmundsson lærða, aðalhandriti, Papp. Fol. Nr 38 í Konungsbókhlöðu í Stokkhólmi, er nefndur „Góði maðrinn

Í *Landnátabók* (*Hauksbók* og *Sturlubók*) og *Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu* segir frá einsetumanninum Ásólfí alskik. Judith Jesch hefur bent á líkindi frásagnarinnar um Ásólf við texta sem eignaðir hafa verið Gunnlaugi Leifssyni. Hún telur líklegt að Gunnlaugur hafi ritaoð helgisögu af Ásólfí sem síðan hafi verið notuð sem heimild í *Landnátabók*.<sup>44</sup> Ásólfur er sagður írskur í *Hauksbók*. Haukur Erlendsson (d. 1334) virðist hafa haft mikinn áhuga á Írum. Helgi Guðmundsson hefur bent á að írskur uppruni Ásólfss geti verið tilbúningur Hauks og leiðir að því rök að viðurnefni hans, alskik, gefi til kynna að hann hafi verið ermskur.<sup>45</sup> Heilög Sunniva hefur einnig verið talin írsk að uppruna. Sá uppruni gæti einnig verið tilbúningur í því skyni að renna styrkari stoðum undir helgi hennar. Ástæðan kann að vera sú að litið var á Írlanð sem *locus sanctus*, helgan stað.<sup>46</sup>

Ýmis helgisagnaminni eru í frásögninni af Ásólfí. Ár fyllast af fiski þar sem hann tekur sér bólfestu en fiskurinn hverfur þegar heiðnir menn hrekja hann á brott. Samkvæmt *Hauksbók* voru bein hans tekin upp og lögð í skrín sem komið var fyrir yfir altari. Í *Sturlubók* segir: „Stendr þar nú kirkja, sem leiði hans er, ok er hann enn helgasti maðr kallaðr.“<sup>47</sup> Margaret Clunies Ross telur að keltneskur uppruni Ásólfss og afstaða Íslendinga til keltneskrar kristni og einsetulífs hafi komið í veg fyrir að hann hafi orðið að helgum manni. Hún telur að sögu-gerð Hauks sé tilraun til þess að draga úr keltneskum einkennum.<sup>48</sup> Í því felst þó mótsögn miðað við þann áhuga sem Haukur hafði á írskum mönnum en ef til vill hefur írskur uppruni ekki orðið Ásólfí til framdráttar eins og Sunnivu.

Sérstaka sagan um höfðingjann og pílagríminn Hrafn Sveinbjarnarson hefur ýmis einkenni píslarsögu.<sup>49</sup> Hrafn var veginn árið 1213 og

---

Pórðr“. Heimildir um Pórð eru einnig í annálum og fyllstar í Flateyjarannál. Þar segir við árið 1385: „flutt bein Þordar Jonssonar til Stafhollz i kirkju gard eftir skipan officialis ok samþyckji allra lærdra manna ok hyggia menn hann helgan mann“. Einar G. Pétursson 1998, 305, 374–375, 400.

<sup>44</sup> Jesch 1987, 17–36.

<sup>45</sup> Helgi Guðmundsson 1997, 113.

<sup>46</sup> O’Hara 2009, 114–116.

<sup>47</sup> Jakob Benediktsson 1968, 64–65.

<sup>48</sup> Clunies Ross 2002, 38–47.

<sup>49</sup> Guðrún P. Helgadóttir 1987; Ásdís Egilsdóttir 2004, 29–40.

sagan er talin rituð um tveimur áratugum síðar. Ýmis teikn sem verða fyrir og eftir aftöku hans minna á sögur heilagra manna. Ljós hafði sést undir virkinu þar sem hann var veginn og hrjóstrug jörðin á af-tökustaðnum varð grænn völlur sumarið eftir. Arngrímur Brandsson (d. 1361) lýsir Hrafni sem píslarvotti í *Guðmundar sögu* sinni: „þvíat þessi Rafn þá, sem trúist, æskilegan enda með píslarvætti, þá er hann var fyrir eina saman öfund leiddr um nátt af sæng sinni undir brugðit sverð, því meirr en saklaus.“<sup>50</sup>

Það má líta á þau þrjú, Hildi, Ásólf og Hrafn, sem dýrlingsefni sem ekkert varð úr, en eina vísbendingin um vegsömun einhvers þeirra er í Hauksbókargerð frásagnarinnar um Ásólf. Hann gæti því hafa verið vegsamaður um skeið en dýrkun hans síðan lagst af. Það vekur athygli að íslensku dýrlingarnir þrír, Þorlákur, Jón og Guðmundur voru allir biskupar. Áður en Íslendingar fengu yfir sig konung er biskupum lýst sem ígildi konunga í ýmsum miðaldaritum.<sup>51</sup> Þannig kemst Adam frá Brimum að orði: „episcopum suum habent pro rege“ („biskup sinn hafa þeir fyrir konung“).<sup>52</sup> Í *Hungurvöku*, frá fyrri hluta 13. aldar, er Gissuri Ísleifssyni biskupi lýst á þessa leið:

Hann tók tígnum ok virðing svá mikla þegar snem mendis byskupsdóms síns, ok svá vildi hvern maðr sitja ok standa sem hann bauð, ungr ok gamall, sæll ok fátækkr, konur ok karlar, ok var rétt at segja at hann var bæði konungr ok biskup yfir landinu meðan hann lifði.<sup>53</sup>

Samskonar lýsing er í *Morkinskinnu* (frá því um 1220), en þar segir Haraldur harðráði Noregskonungur um Gissur að gera megi úr honum þrjá menn, víkingahöfðingja, konung og biskup.<sup>54</sup>

Frá og með 12. öld fór í vöxt að konungar eða konungsbornir menn væru teknir í tölu heilagra manna.<sup>55</sup> Ólafur helgi var ástsæll dýrlingur á Íslandi. Um sjötíu kirkjur voru helgaðar honum.<sup>56</sup> Svo

<sup>50</sup> Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson 1858–1878, 11, 55.

<sup>51</sup> Ármann Jakobsson 1997, 291–295.

<sup>52</sup> Adam von Bremen 1917, 273.

<sup>53</sup> *Hungrvaka, í Biskupa sögur II* 2002, 16.

<sup>54</sup> *Morkinskinna* 2011, 289–290.

<sup>55</sup> Bjarni Guðnason 1976, 69–72 og 1978, 112–115; Antonsson 2007.

<sup>56</sup> Guðbrandur Jónsson. 1929, 56–58.

mikill áhugi var á Ólafi Tryggvasoni að tvær sögur voru skrifaðar af honum um svipað leyti. Oddur Snorrasón munkur á Þingeyrum skrifaði sögu af honum á latínu um 1190. Klausturbroðir hans, Gunnlaugur Leifsson, skrifaði einnig Ólafs sögu á latínu, eins og fyrr hefur verið nefnt. Það hefur verið talið líklegt að áhugi hafi verið á því á Íslandi á 12. öld að gera kristnibóðskonunginn Ólaf Tryggvason að dýrlingi.<sup>57</sup> Einsetumaður, ef til vill írskur, einsetukona á Hólum og veraldlegur, vestfirskur höfðingi eru af öðru sauðahúsi en konungar og ígildi þeirra, biskuparnir. Þannig er hugsanlegt að þau hafi ekki hlutið náð fyrir augum þeirra sem valdið höfðu til þess að dýrlingsdýrkun næði fótfestu.

Margaret Clunies Ross finnur fleiri ástæður en írskan uppruna fyrir því að Ásólfur alskik hafi ekki orðið dýrlingur á Íslandi: „his preference for the solitary life would have made him hard to “sell” to an emergent Icelandic Christian community that saw religious authority and distinction as a function of the active or the mixed life.“<sup>58</sup> Þessi rök mætti heimfæra upp á Hildi. En þó að Hildur hafi ekki orðið dýrlingur hefur hún skilið eftir sig spor. Saga hennar er líklega fyrst skráð af einum helsta helgisagnaritara Íslands, Gunnlaugi Leifssyni, og í henni mætast klerklegur lærðómur og munnlegur fróðleikur kvenna. Hún sýnir hvernig saga af konu er mótuð og löguð að kristinni helgisagnahefð, um leið er hún saga um sjálfstæðan vilja ungrar stúlkum og samstöðu kvennanna á Hólum.

### *Heimildir*

- Adam von Bremen. 1917. *Hamburgische Kirchengeschichte*. Útg. Bernard Schneidler. Hannover & Leipzig.
- Antonsson, Haki. 2007. *St Magnús of Orkney. A Scandinavian Martyr-cult in Context*. Leiden & Boston: Brill.
- Ashton, Gail. 2000. *The Generation of Identity in Late Medieval Hagiography. Speaking the Saint*. New York: Routledge.
- Ármann Jakobsson. 1997. *Í leit að konungi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Ásdís Egilsdóttir. 1996. „Kvendýrlingar og kvenímynd trúarlegra bókmennata á Íslandi.“ *Í Konur og kristsmenn. Pættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld

<sup>57</sup> Cormack 1994, 10, 143.

<sup>58</sup> Clunies Ross 2002, 46.

## KARLMENNSKA OG KYNFERÐI

- Hákonardóttir, 91–116. Reykjavík: Háskólaútgáfan. [Einnig í þessu riti, bls. 181–202.]
- Ásdís Egilsdóttir. 2004. „Hrafn Sveinbjarnarson, Pilgrim and Martyr.“ Í *Sagas, Saints and Settlements*, ritstj. Gareth Williams og Paul Bibire, 29–40. Leiden & Boston: Brill. [Einnig í þessu riti, bls. 76–89.]
- Bartlett, Anne Clark. 1995. *Male Authors, Female Readers, Representation and Subjectivity in Middle English Devotional Literature*. Ithaca and London: Cornell University Press.
- Biskupa sögur* I. 2003. Útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Íslensk fornrit 15. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Biskupa sögur* II. 2002. Útg. Ásdís Egilsdóttir. Íslenzk fornrit 16. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Biskupa sögur* I-II. 1858–1878. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmennatafélög.
- Bjarni Guðnason. 1976. „Aldur og uppruni Knúts sögu helga.“ Í *Minjar og menntir. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. desember 1976*, ritstj. Guðni Kolbeinsson, 55–77. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Bjarni Guðnason. 1978. *Fyrsta sagan*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Bolton, Brenda M. 1978. „*Vitae matrum*: A Further Aspect of the *Frauenfrage*.“ Í *Medieval Women. Dedicated and presented to Rosalind M.T. Hill on the occasion of her seventieth birthday*, ritstj. Derek Baker, 253–273. Oxford: Basil Blackwell for the Ecclesiastical History Society.
- Carlé, Birte. 1991. *Skøger og jomfruer i den kristne fortælkunst. Den skandinaviske tradition og dens rødder*. Odense: Odense Universitetsforlag.
- Clunies Ross, Margaret. 2002. „“Saint” Ásólfur,“ Í *Germanisches Altertum und christliches Mittelalter*.“ Í *Festschrift für Heinz Klingenberg zum 65. Geburtstag*, ritstjóri Bela Brogyanyi, 38–47. Hamburg: Verlag Dr. Kovač.
- Coon, Lynda L. 1997. *Sacred Fictions: Holy Women and Hagiography in Late Antiquity*. Philadelphia: University of Pennsylvania Press.
- Cormack, Margaret. 1994. *The Saints in Iceland. Their Veneration from the Conversion to 1400*. Bruxelles: Société des Bollandistes.
- DeBois, Thomas A. 2008. „Sts Sunniva and Henrik. Scandinavian Martyr Saints in their Hagiographic Context.“ Í *Sanctity in the North. Lives, Saints and Cults in Medieval Scandinavia*, ritstj. Thomas A. DeBois, 65–99. Toronto: University of Toronto Press.
- Einar G. Pétursson. 1998. *Eddurit Jóns Guðmundssonar lærða* I-II. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Foote, Peter. 2003. „Jóns saga helga.“ Í *Biskupa sögur* I, útg. Sigurgeir Steingrímsson, Ólafur Halldórsson og Peter Foote. Íslensk fornrit 15, ccxiii–cccxxi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Gilchrist, Roberta. 2000. „Unsexing the body: The interior sexuality of medieval religious women.“ Í *Archealogies of Sexuality*, ritstj. Robert A. Schmidt og Barbara L. Voss, 90–102. London & New York: Routledge.

## SKJALDMÆR DROTTINS

- Guðbrandur Jónsson. 1929. „Dómkirkjan á Hólum í Hjaltadal.“ Í *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmennta að fornu og nýju* V: 6:1–418. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Heilagra manna sögur*. 1877. Útg. C.R. Unger. Christiania.
- Heilagra meyja sögur*. 2003. Útg. Kirsten Wolf. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Helgi Guðmundsson. 1997. *Um haf innan. Vestrænir menn og íslenzk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Horstmann, Carl, ritstj. 1887. *The Early South-English Legendary*. London: Trübner.
- Hrafnis saga Sveinbjarnarsonar*. 1987. Útg. Guðrún P. Helgadóttir. Oxford: Clarendon Press.
- Jesch, Judith. 1987. „Early Christians in Icelandic History: A Case-Study.“ *Nottingham Medieval Studies* 31:17–36.
- Jochens, Jenny. 1997. „Helga Kress. Máttugar meyjar. Íslensk fornbókmenntasaga.“ [Ritdómur], í *Skáldskaparmál. Tímarit um íslenskar bókmenntir fyrri alda* 4: 257–263.
- Landnámabók*. 1968. Í *Íslendingabók*, Landnámabók, útg. Jakob Benediktsson, 31–397. Íslenzk fornrit 1. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Metford, J.C.J. 1983. *Dictionary of Christian Lore and Legend*. London: Thames and Hudson.
- Morkinskinna*. 2011. Útg. Ármann Jakobsson og Þórður Ingi Guðjónsson. Íslenzk fornrit 23–24. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- O’Hara, Alexander. 2009. „Constructing a Saint. The Legend of St. Sunniva in Twelfth Century Norway.“ *Viking and Medieval Scandinavia* 5: 105–121.
- Ólafs saga Tryggvasonar*. 2006. Útg. Ólafur Halldórrsson. Íslenzk fornrit 25. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.
- Schulenburg, Jane Tibbets. 1978. „Sexism and the Celestial Gynaeceum from 500 to 1200.“ *Journal of Medieval History* 4: 117–133.